

Skólaráð Naustaskóla

8. fundur ársins 2010 þann 8. október kl. 8:00

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Sara Stefánsdóttir, Vaka Óttarsdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Heimir Örn Árnason, Brynja Dögg Hermannsdóttir, Gyða Björk Aradóttir

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Starfsáætlun 2010-2011.** Skólastjóri kynnti lítillega breytingar á plagginu, meðal þess sem er nýtt í starfsáætlun skólans frá síðasta ári er eineltisáætlun, rýmingaráætlun, yfirlit yfir endurmenntun og þróunarstörf, kafli um heimanám, auk nokkurra breytinga á ýmsum þáttum og upplýsingum o.fl. Nokkrar athugasemdir komu fram sem teknar verða til athugunar áður en „endanlegt“ plagg verður birt á heimasíðu skólans.
2. **Mötuneytismál.** Nokkuð bar á byrjunarerfiðleikum í haust varðandi mötuneytið, m.a. kom fyrir að skammtar kláruðust sem þýddi stundum nokkra bið meðan verið er að sækja viðbót o.s.frv. Þetta hefur batnað og hefur verið nógur matur til reiðu undanfarið. Þó kom fram ábending á fundinum um að það hafi komið fyrir að vantað hafi brauð, og að hugsanlega mætti leggja meiri áherslu á brauðmeti með áleggi þegar boðið er upp á spónamat. 5 nemendur hafa verið skráðir úr mötuneytinu í haust. Skólastjóri kynnti að í athugun er að mánaðarlega verði réttur á matseðlinum sem nemendur skólans hafa valið. Eftir er að útfæra þetta.
3. **Fjárhagsáætlun 2011.** Kynntar umræður sem eru í gangi varðandi sparnaðaraðgerðir hjá grunn- og leikskólum á næsta ári. Enn hafa engar aðgerðir verið ákveðnar en margar tillögur eru í skoðun, t.d. varðandi stjórnunarkvóta, bókasafnskvóta, kennslukvóta o.s.frv.
4. **Frímínútnagæsla.** Rætt um frímínútnagæsluna. Að öllu jöfn eru 3-4 starfsmenn úti í gæslu sem ætti að vera fullnægjandi. Þeir þurfa hins vegar að vera vel hreyfanlegir og það hefur verið ítrekað mjög nýlega á starfsmannafundi. Rætt um hvort hægt sé að skipuleggja skólalóðina betur og kynna nemendum að nýta sér hana betur til leikja. Þá var bent á að það vantaði fleiri leiktæki á skólalóðina, en við því verður ekki gert þar til framkvæmdir hefjast að nýju og stærri hluti lóðarinnar verður kláraður.
5. **Húsnæðismál.** Enn er allt á huldu um til hvaða ráða verður tekið til að koma til móts við fyrirsjáanlegan húsnæðisvanda skólans í nágrenni framtíð. Eftir því sem næst verður komist er ákvörðun um þessi efni væntanleg mjög fljótlega.
6. **Önnur mál.**
 - a. Námskynningar – fyrirkomulag. Bent á að það veldur sumum foreldrum vandræðum þegar kynningarfundir eru hafðir á sama tíma í mörgum árgöngum. Þetta verður tekið til athugunar við skipulagningu kynningarfunda næsta haust.
 - b. Heimanám. Rætt um fyrirkomulag heimanáms og markmið með heimanámi, sbr. umræður sem hafa átt sér stað um það málefni á kennarafundum undanfarið.

Næsti fundur skólaráðs er áætlaður föstudaginn 12. nóvember 2010.

Fleira ekki tekið fyrir,

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð